

## FUNDARBOÐ

**1882. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn á fjarfundi, 12. janúar 2022 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1806149 - Ráð og nefndir 2018-2022, kosningar**

Lagður fram tölvupóstur frá Friðþjófi Helga Karlssyni þar sem hann óskar eftir lausn frá störfum sínum sem bæjarfulltrúi frá og með 1.janúar 2022

**2. 2010298 - Heilbrigðiseftirlitssvæði**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.desember sl.  
Lögð fram drög að samþykkt fyrir sameinað Heilbrigðiseftirlit.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samþykkt fyrir sameinað Heilbrigðiseftirlit og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**3. 2112176 - Hamranes reitur 27B, deiliskipulag**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 14.desember sl.  
Jóhanna Helgadóttir fh. lóðarhafa sækir 8.12.2021 um nýtt deiliskipulag að Hamranesi 27b. Tillagan, dagsett 29.10.2021, gerir ráð fyrir að hámarki 5 hæðum og 50 íbúðum auk þess sem heimilt er að vera með verslun og þjónustu á jarðhæð. Tekið var jákvætt í fyrirspurn vegna tillögunnar á fundi ráðsins þann 30. nóvember sl.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst í samræmi við skipulagslög og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**4. 2106599 - Hamranes reitur 3.A, deiliskipulag**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 14.desember sl.  
Skipulags- og byggingarráð samþykkti 10. ágúst 2021 fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi reitar 3.A og að hún yrði auglýst og vísaði til bæjarstjórnar til staðfestingar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar staðfesti þann 12. ágúst 2021 afgreiðslu skipulags- og byggingaráðs. Tillagan var auglýst tímabilið 27.8 - 22.10.2021 Auk þess sem tillagan var kynnt á almennum kynningarfundum þann 30. september sl. Athugasemdir bárust. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa þann 2.11.2021 að ræða við lóðarhafa og svara framkomnum athugasemdum.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24.11.2021 ásamt uppfærðri deiliskipulagstillögu reitar 3.A lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við 41.

gr. skipulagslaga og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**5. 2108140 - Hringhamar reitur 25.B, deiliskipulag**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.janúar sl.  
Tekið fyrir að nýju. Skipulags- og byggingarráð samþykkti 24.8.2021 að auglýsa deiliskipulag reitar 25.B með vísan til tillögu 2. Erindinu var vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar. Bæjarstjórn samþykkti þann 1.9.2021 samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs. Tillagan var auglýst tímabilið 10.9 - 22.10.2021 Auk þess sem tillagan var kynnt á almennum kynningarfundi þann 30. september sl. Athugasemdir bárust. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa þann 2.11.2021 að ræða við lóðarhafa og svara framkomnum athugasemdum. Uppfærð deiliskipulagstillaga dags. 8.12.2021 reitar 25.B lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**6. 2111398 - Skarðshlíð 1. áfangi, breytt deiliskipulag**

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.janúar sl.  
Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar dags. 5.01.2022 vegna endastöðvar strætó.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 1. áfanga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**7. 1506569 - Samningur, yfirdráttur, lán**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.  
Lagt fram minnisblað.  
Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:  
Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að framlengja samningi um yfirdráttarlán við Íslandsbanka að fjárhæð 600 milljónir króna. Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast samningnum.

**8. 1512005 - Úthlutun lóða, almennar reglur, endurskoðun**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.  
Lögð fram drög að uppfærðum reglum um úthlutun lóða.

Bæjarráð samþykkir uppfærðar reglur um úthlutun lóða og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**9. 2112264 - Dverghella 5, 7, 9 og 11 og Jötnahella 6, 8, 10 og 12, fyrirspurn**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.  
Lagt fram erindi Smáragarðs ehf. þar sem óskað er eftir vilyrði um úthlutun atvinnuhúsalóða.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**10. 2112517 - Dranghella 3 og 5, Tunguhella 2, 4, 6 og 8, Jötnahella 1, ósk um vilyrði**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.  
Lagt fram erindi Klettagarða 12 ehf. þar sem óskað er eftir vilyrði um úthlutun

atvinnuhúsalóða.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**11. 2111548 - Breiðhella 5, umsókn um lóð**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.

Lögð fram umsókn Tæki.is um atvinnuhúsalóðina nr. 5 við Breiðhelli.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 5 við Breiðhelli verði úhlutað til Tæki.is ehf.

**12. 1601342 - Vegagerðin, færsla stofnvega ríkisins yfir til sveitarfélaga, skilavegir**

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.janúar sl.

Lagður fram samningur við Vegagerðina.

Bæjarráð vísar fyrirbyggjandi samning til afgreiðslu í bæjarstjórn.

**13. 2111275 - Sveitarstjórnarkosningar 2022, kjörstaðir**

2.liður úr fundargerð forsetanefndar frá 10.janúar sl.

Til afgreiðslu

Forsetanefnd leggur til að við sveitarstjórnarkosningar í Hafnarfirði 14. maí 2022 verði starfræktir tveir kjörstaðir, sem henti vel dreifingu íbúðabyggðar í bænum: Lækjarskóli og íþróttamiðstöðin Ásvöllum.

Forsetanefnd þakkar starfsfólki fyrir góða vinnu við undirbúning málsins.

Adda María Jóhannsdóttir kemur að svohljóðandi bókun:

Um leið og fulltrúi Samfylkingarinnar fagnar því að loksins eigi að tryggja kjörstað á Völlum eru það ákveðin vonbrigði að kjörstöðum hafi ekki verið fjölgað í a.m.k. þrjá.

Til samanburðar hefur Reykjavíkurborg fjölgað kjörstöðum til muna með það að markmiði að bæta aðgengi kjósenda. Þar hefur það verið óopinbert markmið að kjörstaðir séu í göngufæri og geta um 84% íbúa borgarinnar gengið á kjörstað og heim aftur á 30 mínútum.

Engu að síður er þessi breyting til mikilla bóta og rétt að fagna því.

Adda María Jóhannsdóttir

**Fundargerðir**

**14. 2101038 - Fundargerðir 2021, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 17.desember sl.

Fundargerðir bæjarráðs frá 16.desember og 6.janúar sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 1.og 15. desember sl.

b. Fundargerð heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 29.nóvember sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 9.desember sl.

d. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26.nóvember og

10.desember sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 1.nóvember sl.

f. Fundargerð stjórnar SSH frá 6. og 20. desember sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 3.desember sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 14.desember og 7.janúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.desember sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 15.desember sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanefndar frá 3. og 7.desember sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 10.janúar sl.

10.01.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri